

GJALDSKRÁ fyrir Vatnsveitu Akraness.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum húseignum og lóðum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlega vatnsskatt, sem nemur 0.12% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús	minnst	19.60 kr. m ³
Iðnaðarhús	minnst	4.75 kr. m ³
Vörugeymslur	minnst	4.75 kr. m ³
Allt annað húsnæði	minnst	19.60 kr. m ³

Þessi lágmarksgjöld, svo og önnur gjöld skv. þessari gjaldskrá breytast í samræmi við fasteignamat eignarinnar.

3. gr.

Aukavatnsskattur.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 7.10 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

4. gr.

Önnur gjöld.

Greiða skal vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn. Greiðsla skal vera kr. 135.10 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifæðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 25.34 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 16.88 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 5.880 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr. 2 027 pr. ár
50 mm mælir	— 3 378 pr. ár
80 mm mælir	— 4 053 pr. ár
100 mm mælir	kr. 8 107 pr. ár

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 105 5. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts
á Hvammstanga nr. 416 31. desember 1973.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 31 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 176 stig.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 5 000 árlega og breytist hlutfallslega jafnt og vatnsskattur sem reiknaður er eftir fasteignamati.

3. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir tímabundin og sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir, auk almenns vatnsskatts.

- a. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 8 á hvern kálf yngri en 6 mánaða kr. 38 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 115.
- b. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 96 á hverja smálest af innvegnum fiski.